



## Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður  
Bæjarráð  
Stíllholti 16-18  
300 Akranes

Akranesi, 27. október 2015  
1410165 JHF


**Efni:** Dalbraut 6 - þjónustumiðstöð fyrir aldraða

Á 12. fundi samráðshóps um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6, sem haldinn var þann 13. október s.l. var fjallað um svar bæjarráðs við erindi samráðshópsins frá 8. september 2015 um afstöðu ráðsins til stækkunar húsnæðisins. Eftirfarandi var bókað:

*„Rætt um svar bæjarráðs við erindi samráðshópsins um stækkun á húsnæðinu. Ákveðið að ljúka við greinargerðina og þarfagreininguna til að geta lagt fram ítarlegri forsendur fyrir erindinu. Ákveðið að óska eftir fjárveitingu fyrir frumhönnun svo hún liggi fyrir þegar þarfagreiningu er lokið“.*

Með vísan til ofangreindrar bókar óskar undirritaður, fyrir hönd samráðshópsins, eftir fjárveitingu að fjárhæð kr. 3.000.000,- til að standa straum af kostnaði við frumhönnun húsnæðisins að Dalbraut 6. Fjárheimildin yrði nýtt þegar greinargerð starfshópsins hefur verið lögð fram.

Fyrir hönd starfshóps um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6,

  
Jón Hrói Finnsson,  
formaður.